

Alþingi
Erindi nr. P 127/1939
komudagur 15. 4. 2002



Tækniháskóli Íslands

Björn Kristinsson, Hjarðarhaga 29, 107 Reykjavík
Bjarni Besson, Næfurási 3, 110 Reykjavík
Guðmundur R. Jónsson, Kópavogsbraut 102, 200 Kópavogur
Jón Atli Benediktsson, Hjarðarhaga 17, 107 Reykjavík
Sigurður Brynjólfsson, Vallarbraut 2, 170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 15. apríl 2002

Menntamálanefnd Alþingis

Mál: Frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands, mál nr. 649, þingskjal nr. 1048

*Undirritaðir vilja vekja athygli á því að innan Verkfræðideildar Háskóla Íslands er í undirbúningi stofnun "skóla", annað hvort innan Háskóla Íslands með nafninu **Tækniháskóli Íslands** eða einkaháskóla með sama nafni. Þetta er skráð vörumerki í eigu undirritaðra. Því er harðlega mótmælt að nafn okkar sé tekið traustataki í umræddu lagafrumvarpi.*

Greinargerð.

Verkfræðideild Háskóla Íslands hefur verið í þróun í næstum sex áratugi eða frá stofnun Verkfræðideildar 1944. Í fyrstu var eingöngu kennt til fyrrihlutaprófs í verkfræði miðað við kröfur DTL, Den Polytekniske Lærestalt, sem síðar var breytt í DTH, Danmarks Tekniske Højskole og enn breytt í DTU, Danmarks Tekniske Universitet.

Þegar tekið var upp kennsla til lokaprófs í verkfræði fyrir rúmum þrjátíu árum eða upp úr 1970 var ekki lengur þörf á að miða við sérstakan erlendan tækniháskóla. Þó var í aðalatriðum miðað við norræna tækniháskóla eins og NTH (nú NTNU) í Þrándheimi, LTH í Lundi, KTH í Stokkhólmi.

Í fyrstu var hér um að ræða fjögurra ára nám til verkfræðiprófs. Því var síðar breytt í þriggja ára BS-nám og tveggja ára viðbótarnám til MS-prófs í verkfræði. Auk þess annast verkfræðideild kennslu til doktorsprófs.

Þetta starf hefur gengið vel og deildin hefur vaxið og þróast til hagsbóta íslensku atvinnulífi. Innritun nemenda eftir skorum var í janúar síðast liðnum:

Verkfræðideild Janúar 2002	Nemendur við verkfræðideild			
	KK	KVK	% Kvk.	Alls
BS nám í umhverfis- og byggingarverkfræði	74	48	39%	122
BS nám í véla- og iðnaðarverkfræði	124	54	30%	178
BS nám í rafmagns- og tölvuverkfræði	127	20	13%	158
MS, PhD og frh.	54	14	21%	68
Skiptinemar	7	3	30%	10
Samtals í verkfræði	386	139	26%	536
BS nám í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði	211	50	19%	261
MS, PhD, frh.	14	12	46%	26
Samtals í tölvunarfræði/hugbúnaðarverkfræði	225	62	22%	287
Samtals í deild	611	201	24%	823

Með það í huga að efla Verkfræðideild enn frekar og auka sjálfstæði hennar, sóttu fimm kennarar verkfræðideildar, flestir prófessorar, um verndun á nafninu Tækniháskóli Íslands:

Tækniháskóli Íslands (vörumerki)



Vörumerkið er skráð fyrir:


Rekstur og stjórnun fyrirtækja, skrifstofustarfsemi; fræðslu, þjálfun, menningarstarfsemi; vísindi og rannsóknir, tölvuforritun.


Nafngiftinni í lagafrumvarpinu á 127. löggjafarþingi, 649. máli, er því harðlega mótmælt og krafist breytinga á því.


Virðingarfyllst,


Björn Kristinsson


Bjarni Bessason


Guðmundur R. Jónsson


Jón Atli Benediktsson


Sigurður Brynjólfsson